

18. Fundur Samfélagsnefndar. Haldin í fjarfundarbúnaði þann 7.11.2019 klukkan 9:00.

Mætt voru: Arna Björg Bjarnadóttir, Þórhallur Jóhannsson, Jóhann F. Þórhallsson, Lárus Heiðarsson, Signý Ormarsdóttir og Ásdís Helga Bjarnadóttir.

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun
2. Verkefnasjóður
3. Önnur mál

1. Samfélagsnefndin samþykkir fjárhagsáætlun verkefnisins sem lögð var fram á fundinum með fyrirvara um upphæð í verkefnasjóð.
2. Rætt var um ýmsar útfærslur á sjóðnum. Ásdís Helga hefur kynnt sér nokkra möguleika og talað við Sigurð Álfgeir endurskoðanda hjá Deloitte. Hann taldi skynsamlegt að stofna sjóðinn fyrir næstu áramót. Í framhaldinu mun Ásdís Helga ræða við Gunnþórunni oddvita og Kristinn Bjarnason lögfræðing sveitarfélagsins.
3. Borist hefur erindi frá sveitarstjórn um að samfélagsnefndin standi að íbúafundi þar sem kannaður verði áhugi á skemmubyggingu. Nefndin leggur til að skemmubygging verði tekin af fjárhagsáætlun og í staðin verða þeir bændur sem áhuga hafa á, styrktir til skemmubygginga á sýnum jörðum.